



Tálmyndir í kenningu Rainers Reizenzein um geðhrif

Martin Bruss Smedlund

**Lokaverkefni til B.S.-gráðu
Sálfræðideild
Heilbrigðisvísindasvið**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Tálmyndir í kenningu Rainers Reizenzein um geðhrif

Martin Bruss Smedlund

Lokaverkefni til B.S.-gráðu í sálfræði

Leiðbeinandi: Magnús Kristjánsson

Sálfræðideild

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.S. gráðu í sálfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Martin Bruss Smedlund, 2011

Prentun: Háskólaprent ehf.
Reykjavík, Ísland, 2011

Efnisyfirlit

Útdráttur	5
Inngangur	5
Hin viðtekna kennisetning	7
Hugur sem heimur	8
Hugur sem uppspretta hegðunar	9
Tölvukenning Rainers Reizenzein um geðhrif.....	10
Efnisleg tvíhyggja.....	11
Hugur og merking – tálmyndir leystar upp.....	13
Einkamálsrökin	14
Þrjár spurningar um merkingu	16
<i>Er merking vitundarfyrirbæri?.....</i>	<i>17</i>
<i>Hvað útskýrir íbyggni?</i>	<i>18</i>
<i>Er merking ákvarðanleg?</i>	<i>20</i>
Hugur og merking í vef lífsins.....	21
Hugur í tjáningu	23
Merking sem notkun	24
Tilfinningalíf	25
Tilfinningar	26
Misskilningur Reizenzeins	29
Eðli geðhrifa og heilaferli.....	30
Skoðun, löngun, mat og geðhrif	30
Hlutverk geðhrifa og upplifun mannsins af þeim	31
Styrkur geðhrifa	32
Íbyggni geðhrifa	33
Heimildaskrá.....	34

Reisenzein (2009a) telur sig hafa leyst nokkrar langvinnar deilur um eðli geðhrifa (*e. emotions*) með tölvukenningu um hlutverk þeirra í „skipulagningu hugans“. Kenningasmíðar af þessu tagi byggjast þó á misskilningi á eðli hugrænna fyrirbæra. Þær eru afsprengi þess sem Ryle nefndi „hina viðteknu kennisetningu“. Wittgenstein taldi helstu ástæðu fyrir þessum misskilningi vera fordóma um eðli og hlutverk hugrænna hugtaka. Með því að styðjast við rök frá honum er sýnt fram á tómléika kenningar Reisenzeins. Hugræn fyrirbæri búa ekki í torskiljanlegum miðli sem þarf að kortleggja heldur sýna sig með margvíslegum hætti í lífi manna. Hinar svokölluðu „deilur“ eru tilkomnar vegna þess að fræðimenn skortir yfirsýn yfir þau hugtök sem koma við sögu. Þær verða leystar með því að skoða hvernig viðeigandi hugtök tengjast.

Eitt hlutverk sálfræðinnar er að rannsaka og útskýra sálarlíf. *Sálarlíf* er heildarhugtak sem nefna má öðrum nöfnum eins og *hug*, *anda* og *hið innra*. Þótt blæbrigðamunur sé á hugtökunum eiga þau það sameiginlegt að undir þau má fella öll *hugræn hugtök*. Hugræn hugtök eru hugtök á borð við *hugsun*, *minni*, *ímyndun*, *skoðun*, *löngun*, *vilja*, *skilning*, *þekkingu*, *tilfinningar* og *íbyggni* (*e. intentionality*). Allt eru þetta hugræn fyrirbæri. Hvernig skilja menn hugræn fyrirbæri?

Víða er litið á hugræn hugtök sem tilraun til að miða út hugræn ferli,¹ þ.e.a.s. hugræn fyrirbæri eru talin *vera* einhvers konar ferli. Samkvæmt þessu viðhorfi er notkun hugrænna hugtaka hið sama og að styðjast við kenningu. Á ensku er kenningin nefnd *theory of mind* en á íslensku mætti kalla hana kenningu um hið innra. Eiginleikar hugrænna hugtaka og innbyrðis tengsl þeirra eru í grófum dráttum talin spegla eiginleika og gerð hins innra. Með hliðsjón af þessum hugtökum telja fræðimenn sig því geta búið til líkön af hinu innra í þeim tilgangi að smíða betri kenningu um það. Þessi hugsunarháttur liggur til grundvallar verkhyggju (*e. functionalism*), hinni ríkjandi stefnu innan hugfræði (Block, 1978).²

Þeir sem aðhyllast hvarfhyggju (*e. eliminative materialism*) ganga einnig út frá því að hugræn hugtök myndi kenningu en þeir telja hana ranga. Þeir segja eiginleika hugrænna

¹ Hin meintu merkingarmið (*e. referents*) hugrænna hugtaka hafa mörg nöfn. Stundum er talað um hugræna þætti eða hugrænt ástand en í þessu samhengi merkir hið síðarnefnda ekki tilfinningalegt ástand. Á ensku tala fræðimenn gjarnan um *mental states, processes, episodes* og *events*. Í ritgerðinni nefni ég þau hugræn ferli nema hugrænt ástand eigi betur við. Þar sem færð verða fyrir því rök að hugræn hugtök séu ekki nöfn á huldum fyrirbærum er flókin orðanotkun óþörf.

² Samkvæmt verkhyggju öðlast tiltekið hugrænt ferli eiginleika sína eftir þeim hlutverkum sem það gegnir í neti orsaka. Þetta net orsaka samanstendur af ytri áreitum, öðrum hugrænum ferlum og hegðun (Fodor, 1987). Sannleiksgildi kenningarinnar um hið innra er talið velta á því hve vel hún lýsir orsakatengslunum á milli hugrænu ferlanna.

hugtaka ekki spegla eiginleika hins innra og telja að skipta þurfi kenningunni um hið innra út fyrir kenningu sem er laus við hugræn hugtök. Slík hugtök segja þeir vera merkingarlaus því þau vísa ekki til neins raunverulegs. Með öðrum orðum eru hugræn fyrribæri talin vera blekking (sjá Churchland, 1981).³

Þegar fræðimenn smíða kenningar um hið innra komast þeir eðli málsins samkvæmt ekki hjá því að taka afstöðu til hugrænna fyrribæra. Á seinni hluta síðustu aldar urðu tölvukenningar (*e. computational theories of mind*) vinsælar og eru það enn. Slíkar kenningar eru ýmist undir áhrifum verkhyggju (Fodor, 1987) eða hvarfhyggju (Stich, 1983).

Rainer Reisenzein (2009a) hefur undir formerkjum verkhyggju sett fram tölvukenningu um geðhrif (*e. emotions*) þar sem hann reynir að gera grein fyrir eðli þeirra með tölvulíkani. Hún er ein af mörgum tilraunum sem gerðar hafa verið til að líkamna (*e. naturalize*) hugræn fyrribæri. Í þetta skipti er það gert á grundvelli vitsmunakenninga um geðhrif (*e. cognitive theories of emotion*). Reisenzein telur geðhrif vera hugrænt ástand sem táknar samræmi eða misræmi á milli skoðana og langana en þessar síðarnefndu telur hann, eins og Fodor (1987), eiga sér tilvist innra með manninum í meðfæddu táknkerfi (*e. language of thought*).

Í þessari ritgerð færi ég fyrir því rök að kenning Reiseinzeins sé röng. Það er þó ekki vegna þess að tölvukenning *hans* sé röng heldur þess að tölvukenningar sem slíkar eru á misskilningi byggðar. Þessi misskilningur er fólgin í hinni almennu hugmynd um hið innra, hugmyndinni sem leiðir af sér bæði verkhyggju og hvarfhyggju. Með því að styðjast við ýmis rök sem fram voru færð af Ludwig Wittgenstein geri ég tilraun til að fletta ofan af þessum misskilningi. Sá hugsunarháttur sem kynntur verður er sjaldgæfur um þessar mundir en vonandi verður einhverjum það ljóst að kenningasmíðar af því tagi sem Reisenzein hefur sett fram eru tilbúnar tálmyndir sem ekkert er á bak við.

Fyrst verður sagt betur frá hinni almennu hugmynd um hið innra. Fjallað verður um þær tvær hugmyndir sem eru helstu sérkenni hennar; annars vegar hugmyndin um hið innra sem stað og hins vegar hugmyndin um hið innra sem undanfara hins ytra. Þær tengjast nánnum böndum. Saman leiða þær af sér þá hugmynd að hugræn hugtök séu hluti af kenningu, kenningu sem er tilraun til að kortleggja eiginleika hins innra. Því næst verður fjallað um tölvukenningu Reisenzeins og greint frá þeim deilum sem hann telur sig geta leyst með henni. Því er haldið fram að deilurnar sem og kenningin stafi af misskilningi á eðli hugrænna

³ Að vísu eru skiptar skoðanir um ýmis atriði innan verkhyggju og hvarfhyggju og að sjálfsögðu eru til fleiri stefnur. Ég nefni verkhyggju og hvarfhyggju til að varpa ljósi á þann hugsunarhátt sem gagnrýni mín beinist að. Þær eru tvær hliðar af sömu mynt.

hugtaka. Það verður þó ekki hægt að sýna nákvæmlega í hverju misskilningurinn er fólgin fyrir en búið er að fjalla ítarlegar um eðli hins innra, eðli merkingar og eðli tilfinninga. Þá verður greint frá nokkrum rökum sem Wittgenstein færði gegn þeim hugsunarhætti sem liggur kenningasmíð Reizenzeins að baki; í fyrsta lagi frá hinum frægu einkamálsrökum og í öðru lagi frá umfjöllun hans um eðli merkingar. Einkamálsrökin eru leið til að sýna fram á að tal um hið innra er ekki og getur ekki í eðli sínu verið lýsing. Tal um hið innra er tjáning. Umfjöllunin um eðli merkingar sýnir að merking getur ekki verið innra með manninum. Á þessum grunni er síðan byggt þegar greint verður frá annari sýn á sálarlíf mannsins, sýn sem orða mætti á eftirfarandi hátt: Hugræn hugtök eru ekki nöfn á hugrænum ferlum og þessi hugtök mynda enga kenningu. Það sem nefnist sálarlíf, hugur, andi eða hið innra birtist smám saman eftir því sem maðurinn tileinkar sér tungumál. Hið innra er enginn heimur út af fyrir sig heldur háð tungumáli. Tungumál á ekki rætur sínar að rekja til meðfædds táknerfis innra með manninum heldur verður til „á yfirborðinu“ – það er hegðun. Eiginleika mannsins sem tungumálaveru eru því að finna í hinum margþætta vef mannlegs lífs, *ekki* innra með honum. Kenningar og líkön sem sett eru fram um hinn meinta innra heim eru ekki til neins því slíkur heimur er ekki til.

Dýpri skilningur á eðli hugrænna fyrirbæra fæst þar af leiðandi með því að skoða gaumgæfilega þennan margþætta vef, þ.e. hvernig hugræn hugtök tengjast margslunginni hegðun manna. Til að öðlast skilning á geðhrifum þarf til dæmis að athuga á hvaða forsendum og við hvaða skilyrði menn tala um þau. Slík athugun þarf að taka tillit til hinna ýmsu hugsana, viðhorfa, athafna sem og annarra tilfinninga við ólíkar kringumstæður. Peter Hacker (2004) hefur gert skilmerkilega útlitun á ólíkum flokkum tilfinninga og verður skýrt frá henni í grófum dráttum. Þá verður að lokum hægt að sýna nákvæmlega í hverju misskilningur Reizenzeins er fólgin.

Hin viðtekna kennisetning

Með því að beina spjótum sínum að „hinni viðteknu kennisetningu”⁴ vildi Gilbert Ryle (1963) breyta viðteknum hugsunarhætti. Wittgenstein hafði þá í tvo áratugi reynt að gera hið sama án þess þó að ná sérlega langt út fyrir háskólasvæðið í Cambridge. Það var ekki fyrir en eftir dauða hans sem heiminum var gefinn kostur á að kynna því sem hann hafði kennt. Árið 1953 kom bókin *Rannsóknir í heimspeki* út. Þar greinir Wittgenstein frá þeim hugmyndum

⁴ Í bókinni *The concept of mind* ræðst hann á *the official doctrine*.

sínum að misskilningur á eðli og hlutverki tungumáls sé helsta ástæða heimspekilegra vandamála. Þau eru með öðrum orðum ekki raunveruleg vandamál heldur tálmyndir sem verða til þegar menn misnota hugtök. Misnotkun hugtaka er af mörgum toga. Innan fræða sem fjalla um sálarlíf á hún sér yfirleitt stað þegar menn misskilja merkingu (þ.e. notkun) hugrænna hugtaka og nota þau í samhengi þar sem þau hafa enga merkingu. Í skilningi Wittgensteins á heimspeki að leysa úr hinum tilbúnu vandamálum, hún á að vera „læknandi“. Hún á að leysa upp tálmyndir með því að veita yfirsýn (*þýs. Übersicht*) yfir þá notkun hugtaka sem liggur merkingu þeirra til grundvallar (Wittgenstein, 1958, §125).

Hin viðtekna kennisetning er dæmi um tálmynd. Samkvæmt henni vísa hugræn hugtök til staðar sem ekki er sýnilegur berum augum. Þeir sem þessa kennisetningu aðhyllast segja tilvist þessa staðar vera ályktun. Þeir segja að um hann sé einungis til grófgerð kenning sem byggð er á hegðun manna og því næst spretta fræðilegar kenningar á borð við verkhyggju og hvarfhyggju upp til að bregðast við henni. Nauðsynlegt er að lýsa þessum hugsunarhætti nánar; bæði til að sjá kenningu Reizenzeins í réttu ljósi og til að skilja rök Wittgensteins betur. Eins og áður var nefnt eru tvær samtvinnnaðar hugmyndir áberandi; hugmyndin um hið innra sem stað og hugmyndin um hið innra sem undanfara hins ytra.

Hugur sem heimur

Í byrjun *Bláu bókarinnar* (1998) greinir Wittgenstein frá þeirri rótgrónu tilhneigingu að líta á öll nafnorð sem *nöfn* og að telja að merking þeirra sé fólgin í hlutum sem þau vísa til. Í því samhengi sem hugræn hugtök eru notuð er aftur á móti ekki hægt að greina hluti. Spurningar um eðli hugrænna fyrirbæra geta því virst mjög torræðar.

Spurningarnar...valda því að við fáum andlegt flog. Okkur finnst við ekki geta bent á neitt til að svara þeim og samt að við ættum að benda á eitthvað. (Við stöndum frammi fyrir einni af hinum miklu uppsprettum heimspekilegrar ráðvillu: Nafnorði sem fær okkur til að leita að hlut sem samsvarar því.) (Wittgenstein, 1958/1998, bls. 69)⁵

Rétt er að segja að hugræn fyrirbæri myndi hið innra. Með því er einfaldur greinarmunur gerður á heildinni og því sem hún samanstendur af. Þegar rannsaka og útskýra skal hið innra, þegar spurt er „Hvað er hugur?“, er hættan á misskilningi þó yfirvofandi. Í höndum sínum hafa menn fjölda nafnorða og þeir gera sér hugmyndir um hluti sem samsvara þeim. Hið innra

⁵ Í því samhengi sem þessi tilvitnun er sótt fjallar Wittgenstein um spurningar er varða lengd, merkingu og tölur. Vandamálin eiga þó einnig við um hugræn fyrirbæri eins og fram kemur síðar í bókinni.

verður auðveldlega að heimi þar sem hugræn fyrirbæri eiga sér stað. Descartes nefndi þennan heim sál (Leahey, 2004) en nútímamenn nefna hann gjarnan heila.⁶ Hugræn hugtök eru þá talin vísa til fyrirbæra í heilanum. „Guðrún er sorgmædd“ verður „Um hugræn ferli eru að ræða“ sem aftur á móti verður „Um tiltekin heilaferli eru að ræða“. Slíkur hugsunarháttur kemur af stað ákveðinni orðræðu sem virðist veita skýringar því hún felur ekki í sér venjulegt tal um manninn og hugræna eiginleika hans. En þessi orðræða skýrir ekki neitt. Hún byggist á fordómum um eðli og hlutverk hugrænna hugtaka og leiðir einungis af sér tálmyndir sem heimta „nákvæmari“ kenningu um hið innra (sjá góða umfjöllun hjá Trigg og Kalish, í prentun, a). Áðurnefnd kenning Reizenzeins er gott dæmi. Hún er tilraun til að bregða ljósi á „hlutverk“ geðhrifa í „skipulagningu hugans“. Þessi tilraun er tilgangslaus því hið innra er ekki staður sem hægt er að kortleggja.

Hugur sem uppspretta hegðunar

Sú spurning sem í gegnum tíðina hefur valdið mönnum hvað mestum heilabrotum er spurningin um merkingu. Hvernig geta mál og hugsun verið *um* eitthvað? Í hinum ytra heimi virðist ekkert búa yfir þessum eiginleika. Fjöll og reikistjörnur eru ekki um neitt. Málverk og tákni eru í þessum skilningi heldur ekki um neitt, ekki fyrr en maðurinn ljær þeim merkingu. Hugræn fyrirbæri eru aftur á móti flest öll *skilgreind* út frá því sem þau vísa til. Skoðun er til dæmis ávallt skoðun *á* einhverju og löngun er ávallt löngun *í* eitthvað. Skoðanir og langanir eiga sér *viðföng* en þessi viðföng greina á milli ólíkra skoðana og langana. Það er þetta sem átt er við þegar sagt er að hugræn fyrirbæri séu *íbyggj* (*e. intentional*). Þegar gera á grein fyrir þessum eiginleika liggur ákveðinn hugsunarháttur beint við:

Svo virðist sem *ákveðin afmörkuð* andleg ferli séu bundin verkan tungumálsins, ferli sem eru nauðsynleg til að tungumálið geti virkað. Ég á við ferli skilnings og merkingar. Tákni tungumáls okkar virðast dauð án þessara andlegu ferla; og svo kann að virðast sem tákni hafi það eitt hlutverk að koma slíkum ferlum í gang. (Wittgenstein, 1958/1998, bls. 74; skáletrun hans)

Talsmenn hinnar viðteknu kennisetningar gefa sér, eins og þeim er tamt, falda innri starfsemi hinu ytra til skýringar. Í ritum þeirra eru að finna fyrirbæri sem þeir nefna hugrænar tákngervingar (*e. mental representations*). Hugræn fyrirbæri eru sögð eiga sér viðföng með

⁶ Samkvæmt verkhyggju er hugur reyndar ekki það sama og heili eins og hugur var það sama og sál hjá Descartes. Verkhyggjumenn líkja hug við hugbúnað sem keyrður er á ákveðnum vélbúnaði sem í tilviki manna er heilinn. Í samræmi við þessa skilgreiningu er kannski réttara að segja að hugurinn sé *í* heilanum. Þó er enn um misskilning að ræða.

Því að vera í tengslum við þessar hugrænu tákngervingar. Hinar síðarnefndu eru nefnilega í eðli sínu um eitthvað og er eðli þeirra gjarnan rakið til orsakatengsla við það sem þær tákna (Pitt, 2008). Skoðun er til dæmis talin vera hugrænt ástand sem er um eitthvað tiltekið af því að þetta ástand er í tengslum við tiltekna hugræna tákngervingu.⁷ Í kenningasmíðum verkhyggjumanna myndar samspil þessara hugrænu eininga hlekkir í orsakakeðju sem getur leitt af sér merkingarbæra hegðun (Dretske, 1988; Fodor, 1987). Sá eiginleiki tungumáls að vera um eitthvað er með öðrum orðum útskýrður með skírskotun til hinnar upprunalegu, hugrænu starfsemi. Þetta mætti einnig orða þannig að hugsun sé fólgin í því að bera kennsl á ólíkar hugrænar tákngervingar og að þessi „innri athöfn“ sé undirstaða þess að tjá hugsanir sínar (sjá Trigg og Kalish, í prentun, b). Þessi hugmynd hefur í för með sér ýmis vandamál í sambandi við túlkun á hugrænum tákngervingum:

Við getum orðað vanda okkar svona: Við hugsum um hluti, – en hvernig koma þessir hlutir inn í hugsun okkar? Við hugsum um hr. Smith; en hr. Smith þarf ekki að vera viðstaddur. Mynd af honum dugir ekki, því hvernig getum við vitað fyrir hvern hún stendur? Reyndar dugir enginn staðgengill fyrir hann. Hvernig getur hann þá verið viðfang hugsana okkar? (Wittgenstein, 1958/1998, bls. 145)

Eins og mun koma í ljós þá verða þessi vandamál ekki leyst með því að gefa sér ýmsar hugrænar tákngervingar. Þær eru önnur dæmi um tálmyndir sem heimta betri kenningar um hið innra. Menn hafa ranga sýn á merkingu. Merking er ekki innra með mannum þó svo megi virðast við fyrstu sýn. Sá misskilningur sem hér er á ferð er í tvennu fólgin. Í fyrsta lagi þeirri hugmynd að hið innra og hið ytra sé tvennt ólíkt í *verufræðilegum skilningi*, og í öðru lagi þeirri hugmynd að hið fyrrnefnda sé uppspretta þess sem hið síðarnefnda gefur einungis í skyn. Kenning Reizenzeins byggist einnig á þessum grunni því hann ætlar henni að svara því hvað geðhrif *séu*, eins og eðli þeirra væri hulið og þyrfti að uppgötva.

Tölvukenning Rainers Reizenzeins um geðhrif

Reizenzeins (2009a) telur kenningu sína um geðhrif geta varpað ljósi á eðli þeirra með því að draga upp mynd af „skipulagningu hugans“ (e. „*the economy of the mind*”). Af umfjöllun hans að dæma er ljóst að hann telur hug tengjast heila á svipaðan hátt og forrit tengist tölvu.

⁷ Eins og mun koma í ljós þá telur Reizenzeins geðhrif ekki vera íbyggð vegna þess að þau tengjast ekki hugrænum tákngervingum beint. Þau virðast vera það á meðvitundu stigi en þessa íbyggðni segir hann í reynd vera íbyggðni skoðana og langana. Burtséð frá því að hugmyndin um hugrænar tákngervingar er röng þá er þetta gott dæmi um þær málleysur sem fræðimenn búa til þegar þeir misnota hugtök. Geðhrif *eru* íbyggð (sjá umfjöllun og dæmi í hlutanum „Tilfinningar”).

Gera má ráð fyrir að þessari kenningu sé ætlað að vera leiðarljós í vísindalegum rannsóknum á heilastarfi sem og hagnýtt líkan við þróun tilfinningalegrar svörunar í gervigreindarfræðum.

Reisenzein segir kenningu sína tilkomna vegna deilna á milli kenningasmíða sem aðhyllast vitsmunakenningar. Til að leysa þessar deilur telur hann það vera brýnt að gera grein fyrir því hvað geðhrif *eru* og segir það vera fólgið í því að smíða ítarlega kenningu um þau hugrænu ferli sem liggja þeim að baki. Á grundvelli þess telur hann það síðan vera hægt að varpa ljósi á þau atriði sem deilt er um.

Samkvæmt Reisenzein þarfnast eftirfarandi spurningar svara: *Hvaða* hugsanir eru geðhrifum nauðsynlegar? Nægja til dæmis skoðanir eða er einnig nauðsynlegt að leggja mat á þær? eru þær nauðsynlegar sem orsakir geðhrifa eða eru þær hluti af þeim? Er löngun nauðsynlegur hluti þeirra? Hvaða hlutverki gegna geðhrif? Hvernig tengjast þau þeirri upplifun sem maðurinn hefur af þeim? Hvað ákvarðar styrk geðhrifa? Hvernig á að útskýra íbyggni geðhrifa? Að mati Reisenzeins getur kenning hans veitt svör við þessum spurningum. Slíkar spurningar sýna þó eingöngu að menn rata ekki á þessum slóðum tungumálsins. Þær eru ekki raunvísar (*e. empirical*) og því verður þeim ekki svarað með kenningasmíðum og vísindalegum athugunum heldur með því að skoða hvernig viðeigandi hugtök eru notuð.⁸ Í þessari ritgerð verða vegvísar settir upp í þeirri von að menn gefi þeim gaum og fari ekki villir vegar (Wittgenstein, 1977/1980b, bls. 18). Að því loknu verður vonandi ljóst í hverju misskilningur Reisenzeins er fólgin (sjá „Misskilningur Reisenzeins”). Fyrst þarf þó að gera grein fyrir kenningu hans.

Efnisleg tvíhyggja

Reisenzein gerir tilraun til að svara ofangreindum spurningum með því að líkamna geðhrif. Hann segir að það sé fólgið í því að finna geðhrifum stað í hinni vísindalegu heimsmynd og vitnar í Dretske (1995). Hann orðar það einnig þannig að vitsmunakenningar séu færðar niður á „hlutverkastig” (*e. „design level”*) „hins hugræna kerfis” (*e. „the cognitive system”*) og hefur þar í huga Dennett (1987). Dretske aðhyllist án efa verkhyggju og telur hið innra vera rannsóknasvæði. Þó erfitt sé að festa hendur á hinum tvíbenta Dennett má þó segja að hugmynd hans um hina íbyggðu afstöðu (*e. the intentional stance*) byggist á því að notkun hugrænna hugtaka sé hluti af kenningalegu sjónarhorni (Dennett, sama rit). Reisenzein kynnir því nokkuð vel hvaða hefð hann fylgir. Afstaða hans kemur þó best fram í annarri grein: „að mínu mati er...ekki hægt að skilgreina geðhrif rétt fyrr en þau hafa verið rannsökuð með

⁸ Spurningin „Hvaða hlutverki gegna geðhrif?” er undantekning (sjá „Misskilningur Reisenzeins”).

raunvísun hætti... Ástæðan er sú að leitin að eðli...geðhrifa er aðalatriði í geðhrifarannsóknunum.”⁹ (Reisenzein, 2007). Neðar í greininni heldur hann því fram, þerum orðum, að „skilgreining á geðhrifum sé raunvís tilgáta um eðli eða samsetningu þeirra hluta sem vísað er til”¹⁰ (Reisenzein, sama rit). Goðsögnin um heimana tvo er augljóslega enn við lýði en nú birtist hún í gervi efnishyggju.

Það skal taka fram strax að hinar svokölluðu vitsmunakenningar um geðhrif eru ekki kenningar. Að minnsta kosti ekki sá hluti þeirra sem kveður á um að öll geðhrif hafi tilvísun utan sjálfra sín og að skoðanir og langanir séu þeim nauðsynlegar. Geðhrif hafa samkvæmt skilgreiningu tilvísun utan sjálfra sín og þau tengjast samkvæmt reglukerfi tungumálsins skoðunum og löngunum órjúfanlegum böndum. Um geðhrif er nefnilega ekki talað nema viðfang sé til staðar og án þess að tillit sé tekið til skoðana og langana (sjá ítarlegri umfjöllun og dæmi í hlutanum „Tilfinningar”). Þessi sannleikur er því fólgin í tungumálinu og er ekki kenning frekar en að það sé kenning að rauður sé dekkri en bleikur (sjá umfjöllun um málfræði og merkingu hjá Hacker, 1996a, bls. 214-245).


Reisenzein telur þó að um frumstæða kenningu sé að ræða og ætlar sér að færa hana til betri vegar með því að smíða tölvukenningu um skipulagningu „hins hugræna kerfis”, þ.e. hins innra. Hann byrjar á því að tryggja þessu hugræna kerfi íbyggni með því að gefa sér hið meðfædda táknerfi og þær hugrænu tákngervingar sem því fylgja. Skoðanir og langanir eru síðan kynntar til leiks sem tvenns konar úrvinnsla á mismunandi hugrænum tákngervingum. Reisenzein beitir í þessu samhengi myndhvörfum og segir að skoðanir og langanir séu í tveimur mismunandi „geymslum”. Hann telur slíka skiptingu nauðsynlega þar sem hið hugræna kerfi þarf að geta gert greinarmun á því sem það telur og því sem það langar. Reisenzein gerir sér þó grein fyrir því að tengsl á milli skoðana og langana séu nauðsynleg til þess að tilfinningar spretti upp og gefur dæmi: Til þess að Mary verði glöð yfir því að Schreiber hafi unnið kosningabaráttuna þarf sú skoðun að Schreiber hafi unnið að berast saman við þá löngun að hann vinni. Hann segir því að einhvers konar samanburðarkerfi hljóti að vera hluti af skipulagningu hins innra og kynnir slíkt kerfi.¹¹ Þetta kerfi telur hann bæði bera saman skoðanir og langanir sem þegar eru í geymslunum sem og nýjar skoðanir og langanir við gamlar. „Frálag” (*e. output*) samanburðarkerfisins er merki um samræmi eða

⁹ “it is in my view...not possible to define emotions correctly prior to empirical research... The reason is that the quest for the nature...of emotions is itself a central question of emotion research.”

¹⁰ “a definition of emotion is an empirical hypothesis about the nature or constitution of the objects in the class picked out”

¹¹ Reisenzein segir að til sé tvenns konar samanburðarkerfi; *the belief-belief comparator* og *the belief-desire comparator*. Þegar ég fjalla um samanburðarkerfið á ég við bæði.

misræmi á milli skoðana og langana og þetta merki segir hann vera geðhrif. Merkið býr í sjálfu sér ekki yfir neinum merkingarfræðilegum eiginleikum heldur gefur einungis til kynna samræmi eða misræmi. Reizenzein kemst því að þeirri niðurstöðu að geðhrif orsakist af skoðunum og löngunum og að þau séu í eðli sínu ekki íbyggðin. Hann segir að skoðun, löngun og geðhrif virðist vera samofin á meðvituðu stigi en að þau geti að sjálfsögðu ekki verið það á hlutverkastigi hins hugræna kerfis.¹² Hann telur þó engan mun vera á mati og geðhrifum. Hið hugræna kerfi leggur nefnilega mat á skoðanir og langanir þegar samanburðarkerfi þess ber þær saman og það er einmitt þá sem geðhrif myndast. Þennan samanburð telur hann mikilvægan og segir að styrkur geðhrifa velti á honum; því meiri sem mismunurinn er á skoðunum og löngunum, því sterkari verða geðhrifin. Á grundvelli þessa dregur hann þá ályktun að geðhrif gegni því hlutverki að upplýsa manninn um mikilvægi skoðana hans og langana.



Mynd 1. Staða geðhrifa í hinu hugræna kerfi Reizenzeins.

Tölvukenning Reizenzeins byggist á misskilningi. Eins og nefnt var að ofan getur þessi kenningasmíð ekki leyst þær spurningar sem henni er ætlað að leysa vegna þess að þær eru ekki raunvísar. Þær eru tálmyndir sem myndast hafa af því að menn misskilja eðli og hlutverk hugrænna hugtaka. Þessar tálmyndir þarf að leysa upp með því að skoða vandlega á hvaða forsendum og við hvaða skilyrði hugtökin eru notuð. Fjallað verður um tilfinningar að neðan (sjá „Tilfinningalíf”) en til að skilja þá umfjöllun til hlítar þarf fyrst að svipta hulunni af þeim misskilningi sem umlykur hugtökin *hugur* og *merking*.

Hugur og merking – tálmyndir leystar upp

Wittgenstein færði veigamikil rök gegn hinni viðteknu kennisetningu og hann gerði það frá mörgum áttum. Röksemdarfærslur hans tengjast með ýmsum hætti og því er unnt að styðjast

¹² Slík málleysa verður nánast óhjálkæmleg þegar menn halda að hugræn hugtök séu nöfn!

við þær í margvíslegum tilgangi. Saman varpa þær skæru ljósi á misskilning sem nærast í myrkri. Í ritgerð af þessu tagi er ekki hægt greina frá þeim öllum. Velja þarf hvaða rök skuli fjalla um og í hvaða tilgangi eigi að nota þau. Hér að neðan verða einkamálsrökin umfram allt notuð til að bregða ljósi á það sem kallast hið innra. Sýnt verður fram á að það er ekki staður sem menn lýsa með því að nota hugræn hugtök. Að því loknu verður fjallað um eðli merkingar út frá þremur forsendum hinnar viðteknu kennisetningar. Þeirri umfjöllun er fyrst og fremst ætlað að sýna að merking getur ekki verið innra með mannum. Það skal þó taka fram að skiptingin er til þess eins að auðvelda yfirsýn. Wittgenstein notaði báðar röksemdarfærslurnar til að hrekja þá hugmynd að merking sé starfsemi „í undarlegum miðli” (Wittgenstein, 1958/1998, bls. 74), þ.e. að (íbyggj) hugræn fyrirbæri séu eins konar ferli sem fara fram á ákveðnum stað.

Einkamálsrökin

Einkamálsrökin mynda mikilvægan hluta í *Rannsóknunum í heimspeki* (1958). Tilgangur þeirra er að sýna fram á rökleysi þeirrar hugmyndar að tal um hið innra byggist á einkalegum ábendingarskilgreiningum (*e. private ostensive definitions*), þ.e. að menn „líti inn á við” og lýsi því sem þar fer fram. Öfugt við það sem oft er talið þá er þeim ekki ætlað að sýna fram á að tungumál sé í eðli sínu félagslegt fyrirbæri, að einangraður maður gæti ekki lært tungumál, heldur að hið innra sé ekki einkaheimur af fyrirbærum sem hver og einn þarf að opinbera (sjá Hacker, 1993, bls. 93-114). Þessi hugmynd um hið innra sem einkaheim, heim sem hver og einn hefur sérstakan aðgang að, er rauður þráður í sögu heimspekinnar og sálfræðinnar (sama rit, bls. 46-65).

Í bókinni rökræðir Wittgenstein gjarnan við ímyndaðan viðmælanda – talsmann hinnar viðteknu kennisetningar. Í dæminu um „einkadagbókina” (1958, §258) er slíka rökræðu að finna (orð viðmælandans eru skáletruð):

Við skulum ímynda okkur eftirfarandi dæmi. Mig langar að halda dagbók um endurkomu tiltekinnar kenndar. Til að gera þetta tengi ég hana við táknið „K” og skrifa þetta tákni í dagatal á hverjum degi sem ég finn til kenndarinnar.

Ég geri fyrst og fremst þá athugasemd að ekki er hægt að orða skilgreiningu á tákniinu.

Víst, ég get gefið mér eins konar ábendingarskilgreiningu.

Hvernig? Get ég bent á kenndina?

Ekki í venjulegum skilningi. En ég segi táknið, eða skrifa það niður, og á sama tíma beini ég athygli minni að kenndinni – og þannig bendi ég, ef svo má segja, á hana innra með mér.

En til hvers er þessi athöfn? [Þ]ví það virðist ekki vera neitt annað en það! Skilgreining hlýtur að þjóna þeim tilgangi að koma á fót merkingu tákns.

Það er einmitt gert með því að beina athygli sinni að kenndinni; því með þessum hætti festi ég á sjálfan mig tenginguna á milli táknsins og kenndarinnar.

En „ég festi það á sjálfan mig“ getur einungis þýtt: þetta ferli gerir það að verkum að ég man tenginguna rétt í framtíðinni. En hér hef ég engin kennimörk á réttleika. Maður myndi vilja segja: allt sem virðist vera rétt fyrir mér er rétt. Og það þýðir bara að hér er ekki hægt að tala um „rétt“.¹³

Með þessu dæmi er Wittgenstein ekki að segja að erfitt sé eða jafnvel ómögulegt að gefa „innri“ fyrirbærum eins og kenndum (*e.sensations*) nöfn af því að minnið getur verið brigðult. Nei, mergurinn málsins er sá að merking hafi ekki og gæti ekki myndast við þessar kringumstæður, þ.e. með því að „líta inn á við“.

Merking er óháð sannleika. Án þessa greinarmunar væri ekki hægt að tala um rétt og rangt eða satt og ósatt. Skilgreining á orði er eins og mælistika sem er lögð meðfram veruleikanum og notuð til samanburðar við hann. Það mætti til dæmis skilgreina litinn „rauður“ með því að styðjast við litasýnishorn. Þetta sýnishorn væri þá borið saman við veruleikann til að skera úr um það hvort um rauðan lit væri að ræða. Menn gætu sagt „Þetta er rautt af því að þetta er eins og litasýnishornið“. Hér væri um að ræða aðferð til að ákvarða notkun orðsins. Í dæminu sem viðmælandi Wittgensteins tekur er enginn samanburður til staðar, ekkert sem segir til um það hvort eitthvað tiltekið sé hitt eða þetta, engin aðferð til að ákvarða notkun táknsins. Hann gæti ekki sagt „Þetta er kenndin ‚K‘ því hún er eins og...“, því ekkert gæti fylgt á eftir „eins og“. Einber kennd væri eins og sýnishorn sem hefur glatast, þ.e. ekki nothæft. Á þessu vill Wittgenstein vekja athygli þegar hann segir að „hér [sé] ekki hægt að tala um rétt“. Þegar talað er um brigðult minni er gengið út frá því að til sé eitthvað sem er rétt, eitthvað sem hægt er að muna, en hér er ekkert að muna (sjá Hacker, 1993, bls. 118-123). „Ímyndið ykkur mann sem segir: ‚En ég veit hve hávaxinn ég er!‘ og leggur hönd sína á höfuð sér til að sanna það”¹⁴ (Wittgenstein, 1958, §279).

¹³ Let us imagine the following case. I want to keep a diary about the recurrence of a certain sensation. To this end I associate it with the sign “S” and write this sign in a calendar for every day on which I have the sensation. – I will remark first of all that a definition of the sign cannot be formulated. – But still I can give to myself a kind of ostensive definition. – How? Can I point to the sensation? – Not in the ordinary sense. But I speak, or write the sign down, and at the same time concentrate my attention on the sensation—and so, as it were, point to it inwardly. – But what is this ceremony for? for that is all it seems to be! A definition surely serves to establish the meaning of a sign. – Well that is done precisely by the concentration of my attention; for in this way I impress on myself the connexion between the sign and the sensation. – But “I impress it on myself” can only mean: this process brings it about that I remember the connexion right in future. But in the present case I have no criterion of correctness. One would like to say: whatever is going to seem right to me is right. And that only means that here we can’t talk about ‘right’.

¹⁴ Imagine someone saying: “But I know how tall I am!” and laying his hand on top of his head to prove it.

Viðmælandi Wittgensteins telur hið innra vera heim sem hann þarf að lýsa fyrir öðrum. Þó svo að dæmið sé um tiltekna kennd er það heimfæranlegt á hugræn hugtök yfirleitt. Wittgenstein reynir að fá hann til að sjá að þessi hugmynd gengur ekki upp. Það er rangt að halda að hugræn hugtök séu tilraun til að miða út „innri” fyrirbæri, þ.e. svokölluð hugræn ferli, hjá sjálfum sér og öðrum. Hugmyndin um hið innra sem verufræðilegan einkastað stenst ekki.

Í skilningi Wittgensteins eru hugræn hugtök umfram allt tjáning. Maðurinn lýsir engu með þessum hugtökum heldur tjáir sig með flóknum hætti. Þau eru hluti af margbrotinni hegðun (sjá nánar „Hugur og merking í vef lífsins“). Þetta stingur í stúf við þá staðhæfingu Reizenzeins (2007) að „skilgreining á geðhrifum sé raunvís tilgáta um eðli eða samsetningu þeirra hluta sem vísað er til”. Hugræn hugtök gegna ekki því hlutverki að vísa til hluta.

Þrjár spurningar um merkingu

Reizenzeins telur geðhrif ekki vera íbyggð í raun og veru þar sem þau tengjast ekki hugrænum tákngervingum. Hann segir þó að skoðanir og langanir séu íbyggðar enda eru þær í beinum tengslum við hugrænar tákngervingar hins meðfædda táknerfis (sjá „Efnisleg tvíhyggja“). Þetta táknerfi var sett fram af Fodor (1975) og talsmenn hinnar viðteknu kennisetningar telja það vera einu leiðina til að gera grein fyrir merkingu. Kenning Reizenzeins er að öllu leyti háð þessu táknerfi og því stendur hún og fellur með því. Wittgenstein sýndi aftur á móti fram á að þessi skýring gengur ekki upp. Hann gerði það með því að biðja talsmenn hinnar viðteknu kennisetningar um að svara þremur spurningum.¹⁵ Er merking vitundarfyrirbæri? Hvað útskýrir íbyggni? Er merking ákvarðanleg? Með hverri spurningu ræðst hann á tiltekna undirstöðu kennisetningarinnar og þar sem engin boðleg svör fást við þeim telur hann skynsamlegast að hafna þessari skýringu á merkingu.

¹⁵ Ég byggi þessa umfjöllun mína að mörgu leyti á hinni fróðlegu grein *Meaning and mind: Wittgenstein's relevance for the "Does Language Shape Thought?" debate* eftir Diane Proudfoot (2009). Sjá einnig Baker og Hacker (1980, bls. 595-620).

*Er merking vitundarfyrirbæri?*¹⁶

Þar sem gengið er út frá því að merking sé fólgin í hugrænum tákngervingum innra með manningum er réttlætunlegt að spyrja hvort þær geri vart við sig í vitundinni, þ.e. hvort þær séu vitundarfyrirbæri.

Er það að heyra eða hugsa sér orð í hinum eða þessum skilningi eins konar *vitundarfyrirbæri*? – Hvernig á að skera úr um það? – Hvað mælir gegn því? Það að ekkert er *fólgið* í þessu meinta vitundarfyrirbæri. Það er eins og maður væri að tjá upplifun án þess að geta hugsað sér hvað þessi upplifun í raun og veru var. (Wittgenstein, 1980a, §105)¹⁷

Dæmi Wittgensteins um merkingarblindu (sjá Proudfoot, 2009) er leið til að sýna að það er notkun orða sem ákvarðar merkingu þeirra og ekkert innra með manningum sem hann getur fundið. Hinn merkingarblindi maður verður aldrei var við neitt sérstakt vitundarfyrirbæri (engar „óljósar tilfinningar“) sem hann getur nefnt merkingu, en háttarni hans í málfélagi er að öllu leyti sambærilegt háttarni annarra manna. Hann notar orð á sama hátt og allir hinir því hann þekkir mynstur þeirra í tilteknu reglukerfi. Wittgenstein telur þennan mann engu glata og viðurkennir að það sé jafnvel villandi að tala um merkingarblindu. Það er einfaldlega ekkert vit í því að tala um merkingu sem meðvitað ferli sem fylgir því að segja, heyra eða hugsa sér eitthvað merkingarbært. Það hefur ekkert skýringargildi.

Samt hættir mönnum til að líta merkingu slíkum augum. Það sem leiðir þá í ógöngur getur verið líkingin milli orðasambandanna „að segja eitthvað“ og „að meina eitthvað“. Þessi orðasambönd virðast vísa til tveggja hliðstæðra ferla (sjá Wittgenstein, 1958/1998, bls. 137-139). Fáránleiki slíks hugsunarháttar ætti þó að verða ljós með því að hugleiða einungis hugsun. Samanstendur hún einnig af tveimur hliðstæðum ferlum, hugsunarferli og merkingarferli? Nei, enn og aftur þá bendir ekkert til þess því það er með engu móti hægt að verða var við hið síðarnefnda (sjá „Er merking ákvarðanleg?“ fyrir djúpstæðara vandamál sem slíkur hugsunarháttur hefur í för með sér).

¹⁶ Proudfoot (2009) orðar það eins og Wittgenstein sé að spyrja um staðsetningu merkingar, þ.e. hvort hún sé staðsett í vitundinni. Ég hef ekki lesið allt sem Wittgenstein hefur ritað en ég efast um þetta orðalag. Í málléikjum flestra vitundarfyrirbæra er útilokað að tala um staðsetningu (kenndir eru hér undantekning, sjá „Tilfinningar“ að neðan) (sjá Hacker, 1993, bls. 326-332, fyrir umfjöllun um hugsanir).

¹⁷ Is the hearing or thinking of a word in this or that meaning a *genuine experience*? – How is that to be judged? – What speaks against it? Well, that one cannot discover any *content* for this experience. It's as if one were expressing an experience, but then could not think what the experience really was.

Getur það verið að ómögulegt sé að verða var við þetta innra ferli vegna þess að það er ómeðvitað? Nei, ekki nema menn séu tilbúnir að segja að þeir séu óvitandi um það hvaða merkingu það sem þeir hugsa (eða gera) hefur. Slík staðhæfing væri vægast sagt hæpin.

Þessu verður þó hugsanlega andmælt með því að segja að maðurinn geti haft „hugrænan” aðgang að merkingarferli án þess að geta skynjað það. Block (1995) gerir til dæmis greinarmun á „aðgangsvitund” (*e. access consciousness*) og „skynvitund“ (*e. phenomenal consciousness*). Slík andmæli væru þó á engum rökum reist. Samkvæmt þessari tvískiptingu hlýtur maðurinn einfaldlega „að vita bara“ það sem er í aðgangsvitundinni (því ef skynfæri hans gæfu honum upplýsingar um eittvað tiltekið væri það samkvæmt skilgreiningu í skynvitundinni). Af hverju ættu menn að gefa sér að þetta „að vita bara” sé vottur um innra merkingarferli, „sérstaklega þegar Wittgenstein er búinn að sýna fram á að meðvitað merkingarferli hefur ekkert skýringargildi?” (Proudfoot, 2009).

Hvað útskýrir íbyggni?

Önnur leið til að véfengja þá hugmynd að merking sé fólgin innra með manningum er að spyrja hvort vit sé í því að gefa sér merkingarbær ferli, þ.e. hugrænar tákngervingar, til að skýra íbyggni.

Wittgenstein lagði til gagnlega þumalputtareglu til að fjarlægja þá freistingu að halda að það *hljóti* að vera til einhver serstök hugræn starfsemi sem með undarlegum hætti gerir það sem ekkert annað fyrirbæri getur gert: „Ef þú furðar þig á eðli hugsunar, trúar, þekkingar og því um líks þá skaltu skipta hugsuninni út fyrir tjáningu á hugsun og svo frv.” (Wittgenstein, 1958/1998, bls. 152). Í *Heimspékilegri málfræði* (1974) má finna eftirfarandi dæmi um ósk:

Segjum sem svo að ósk mín um að þetta borð væri örlítið hærra væri að ég héldi hendinni minni fyrir ofan borðið þar sem ég vildi að það væri. Nú kemur mótbáran: „Höndin fyrir ofan borðið getur ekki verið óskin: hún tjáir ekki að borðið ætti að vera hærra; hún er þar sem hún er og borðið er þar sem það er. Og gerði ég einhverja aðra hreyfingu, *hvaða hreyfingu sem er*, myndi það ekki breyta þessu. (bls. 148-149)¹⁸

Þegar litið er á athöfn sem hreint efnislegt fyrirbæri er greinilegt að íbyggni getur ekki verið *hluti af því*. Samkvæmt hinum viðtekna hugsunarhætti hlýtur hún þó að vera hluti af

¹⁸ Let's say the wish for this table to be a little higher is the act of my holding my hand above the table at the height I wish it to be. Now comes the objection: "The hand above the table can't be the wish: it doesn't express that the table is to be higher; it is where it is and the table is where it is. And *whatever other* gesture I made wouldn't make any difference.

einhverju, að því gefnu að hún sé til. Menn gera því úr henni „skuggaveru” í huganum, eina af þeim mörgu sem þeim hættir til að skapa þegar þeir vilja „gefa þeim nafnorðum, sem engir efnislegir hlutir svara til, merkingu” (Wittgenstein, 1958/1998, bls. 140).

Þessar „skuggaverur”, eða hugrænar tákngervingar, yrðu þó á forsendum efnishyggju einnig að vera efnislegar. Á einhverju stigi yrðu þær væntanlega að vera taugræns eðlis. Dæmi Wittgensteins sýnir að jafnvel þótt slíkar skuggaverur séu til þá eru þær aðeins önnur tákni við hliðina á hinum ýmsu orðum og athöfnum daglegs lífs og geta því ekki útskýrt íbyggni.

Hið meðfædda táknerfi er ekkert nema annað tungumál við hliðina á því tungumáli sem fram fer á milli manna. Þetta táknerfi getur heldur ekkert skýrt því allir eiginleikar þess eru sóttir í hið opinbera tungumál (sjá ofsafengna árás hjá Hutto, 2007). Með því að gefa sér hugrænar tákngervingar sem uppsprettu íbyggni er einungis verið „að færa spurninguna eitt skref aftur” (Wittgenstein, 1958/1998, bls. 160).

Eftirfarandi dæmi getur varpað ljósi á þennan vanda: Englendingur gæti lagt á minnið íslensku setninguna „Mér þykja bjartar sumarnætur yndislegar” án þess að hafa hugmynd um hvað hún merkir. Samkvæmt hinni viðteknu kennisetningu talar þessi maður ekki um sumarnætur og afstöðu sína til þeirra þegar hann segir þessa setningu af því að tal hans er ekki í tengslum við þau merkingarferli sem lja setningunni merkingu. Öðru máli gegndi væntanlega ef Íslendingur segði sömu setningu. Þá mætti spyrja sig: Færi hinn enskumælandi maður að tala um sumarnætur og dýrð þeirra ef hin réttu ferli yrðu tekin úr Íslendingi og sett í hann? Nei, af hverju ætti hann þá að skilja setninguna? Hvað gerir það að verkum að hugrænar tákngervingar nægja til skilnings en ekki töluð orð? Ekkert, enda neyðast menn eins og Fodor til að segja að þannig sé málum einfaldlega háttað, án þess að geta útskýrt hvernig. Rök hans fyrir meðfæddu táknerfi eru þau að það *hlýtur* að vera þannig (Hutto, 2007). Sú tilraun að gera hugrænar tákngervingar að ómeðvituðu fyrirbæri breytir í þessu samhengi engu (sjá svipaða umfjöllun hjá Proudfoot, 2009).

Leiðin út úr þessum ruglingi er að líta íbyggni öðrum augum. Hún er, samkvæmt Wittgenstein, ekki fólgin í dulrænum ferlum heldur tengist hún notkun orða. Merking er fólgin í því að *gera* eitthvað. Maður nokkur tjáir eitthvað merkingarbært með tiltekinni setningu ef hann hefur notað hana á réttan hátt áður og ef hann kann að nota hana í margvíslegu samhengi. Það að geta notað setningar rétt er *hæfni* (sjá „Merking sem notkun“).

Innri merkingarbær ferli eru endirinn á hugsunarhætti sem hófst á röngum forsendum. Máttur þeirra virðist óskiljanlegur. Samt sætta menn sig við þennan óskiljanleika. Þeir láta sér nægja að tala um andlega eða hugræna starfsemi en „orðið ‚andlegt’ [hugrænt] bendir til þess

að við megum ekki búast við að skilja hvernig svona hlutir verka.” (Wittgenstein, 1958/1998, bls. 147).

Er merking ákvarðanleg?

Það virðist vera hægt að andmæla ofangreindum rökum, sem byggjast á því að benda á augljósa vitarunu, með því að segja að tákni hins meðfædda kerfis séu af sérstakri gerð. Allt sem talsmenn hinnar viðteknu kennisetningar virðast þurfa að gefa sér er að hugrænar tákngervingar *ákvarði* merkingu. Var ekki einmitt þessi lausn á vandanum kynnt að ofan („Hugur sem uppspretta hegðunar“)? Skoðun er um X í krafti þess að vera í tengslum við hugræna tákngervingu sem *í eðli sínu* er um X. Fyrir utan þá staðreynd að þessi skýring lætur merkingu vera óskiljanlegt fyrirbæri hefur hún í för með sér augljóst vandamál sem þarf að skoða nánar.

Hugrænar tákngervingar voru kynntar til leiks þegar í ljós kom að túlka þurfti opinber tákni. En ef merking opinberra tákna er fólgin í og ákvarðast af hugrænum tákngervingum hvernig er þá hægt að *mistúlka* þau?

Til að átta sig á vandanum er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að mistúlkun getur einnig verið merkingarbær. Hún er einungis möguleg á grundvelli þess að rétt túlkun sé möguleg. Þetta má orða þannig að innbyrðis tengsl séu á milli þess sem er rétt og þess sem er rangt. Þetta tvennt fer ávallt saman. Sá sem mismælir sig gerir það vegna þess að í því samhengi sem hann er staddur er réttmæli hugsanlegt (Tanney, 1999). Hvers vegna er þetta vandamál fyrir þann sem útskýrir merkingu með hugrænum tákngervingum?

Þegar menn segja að merking sé fólgin *í* og ákvarðist *af* hugrænum tákngervingum þurfa þeir að gefa sér nauðsynleg og nægjanleg skilyrði fyrir því að þær séu merkingarbærar (Tanney, 1998). Ein leið er að halda því fram að þær séu í orsakatengslum við það sem þær tákna (sjá „Hugur sem uppspretta hegðunar“). Þetta er þó engin skýring á merkingu því samkvæmt henni er ekkert bil á milli merkingar og veruleika. Slíkt bil er þó nauðsynlegt til þess að unnt sé að tala um merkingu (sbr. „Einkamálsrökin“).

Ágætt er að styðjast við þumalputtareglu Wittgensteins og velta fyrir sér því sem er sýnilegt til að bregða ljósi á þennan misskilning. Gömlum atferliskeningum um merkingu var ætlað að útskýra hana með skírskotun til orsakasambanda í styrkingasögu hvers og eins. Menn voru taldir skilja tungumál vegna þess að þeir höfðu verið skilyrtir til að bregðast við setningum á réttan hátt. Þetta gengur ekki upp. Hægt er að kenna hundi að sitja með því að skilyrða hann til að setjast þegar táknið *T* birtist. Nú skal bera saman (a) „Táknið *T* merkir það að hundurinn á að setjast” og (b) „Hundurinn er skilyrtur að setjast þegar táknið *T* birtist”.

Samkvæmt þessum atferliskenningum er (a) það sama og (b). En (a) er ekki það sama og (b) því hið fyrrnefnda er regla um það hvernig á að nota táknið *T* og hið síðarnefnda er orsakaskýring. Sannleiksgildi (a) er óháð sannleiksgildi (b). Jafnvel þótt hundurinn sé vel þjálfaður getur hann óhlýðnast og þegar hann gerir það er óhlýðnin skilgreind með skírskotun til merkingar táknsins *T* (þetta dæmi er sótt til Hackers, 1996b, bls. 208). Þetta á að sjálfsögðu einnig við um þær skýringar á merkingu sem gefa sér orsakasambönd í heilanum. Hefðu hugrænar tákngervingar ákvarðað merkingu væri ekki hægt að gera grein fyrir mismæli, mistúlkun, óhlýðni og því um líku.

Dragi menn úr mikilvægi hugrænna tákngervinga með því að segja að þær ákvarði ekki merkingu eru þær aftur orðnar að venjulegum táknum við hliðina á hinum opinberu táknum og geta ekki útskýrt merkingu hinna síðarnefndu (sbr. „Hvað útskýrir íbyggni?“). Menn eru í vonlausri stöðu; annað hvort eyðir skýring þeirra því sem henni var ætlað að skýra eða þeir lenda í vítarunu.

Merking getur því ekki verið ákvarðanleg en þó „má [heldur] ekki vera hægt að túlka *merkinguna*.“ (Wittgenstein, 1958/1998, bls. 136). Til að leysa þennan hnút þarf að tengja merkingu við athafnir. Wittgenstein ritaði:

Það sem þetta sýnir er að það er til skilningur á reglu sem *er ekki túlkun* á reglunni, heldur sýnir sig í því sem við köllum „að fylgja reglunni“ og „að brjóta hana“ í einstökum tilfellum. (Wittgenstein, 1958, §201)¹⁹

Um þessa lausn verður fjallað nánar að neðan (sjá „Merking sem notkun“).

Hugur og merking í vef lífsins

Einkamálsrök Wittgensteins sem og umfjöllun hans um eðli merkingar kippa fótunum undan hinni viðteknu kennisetningu. Þetta grefur í sömu svipan undan bæði verkhyggju og hvarfhyggju þar sem báðar þessar stefnur hvíla á forsendum hennar. Misskilningur á eðli og hlutverki hugrænna hugtaka leiðir menn til að gefa sér merkingarmið á borð við hugræn ferli til að skilja sálarlífið betur. Þessi ferli reynast þeim síðan erfið viðureignar og sumir fara að efast um tilvist þeirra. Þeir sem efast um þau draga þó aldrei í efa þá hugsun að gildi hugrænna hugtaka velti á huldum merkingarmiðum, og því telja þeir að efast þurfi um sálarlífið líka. Wittgenstein áttaði sig á því að um tilgangslaust skotgrafarstríð væri að ræða og

¹⁹ What this shews us is that that there is a way of grasping a rule which is *not* an *interpretation*, but which is exhibited in what we call “obeying a rule” and “going against it” in actual cases.

reyndi að sýna í hverju misskilningurinn væri fólgin. Málsgrein 308 í *Rannsóknnum í heimspeki* er mikilvægur liður í því að skilja hugsun hans. Hún fjallar um tvíhyggju og atferlishyggju – gamlar birtingarmyndir hinnar viðteknu kennisetningar.

Hvernig skýtur hið heimspekilega vandamál um hugræn ferli, um ýmiss konar hugrænt ástand og um atferlishyggju upp kollinum? – Fyrsta skrefið er flestum hulið. Við tölum um ferli og ástand en látum okkur eðli þeirra í léttu rúmi liggja. Einhvern tíma eigum við kannski eftir að fá að vita meira um þau – hugsum við. En þetta verður bara til þess að við neyðumst til að líta á málið með sérstökum hætti. Því við höfum ákveðna hugmynd um hvað það þýðir að læra að þekkja ferli betur. (Búið er að fremja þann hluta töfrabragðsins sem réð úrslitum og það var nákvæmlega sá hluti sem við töldum frekar saklausan) – Og núna hrynur líkingin sem átti að hjálpa okkur að skilja hugsanir okkar. Þannig að við þurfum að afneita hinum óskiljanlegu ferlum í hinum ókannaða miðli. Og nú litur út fyrir að við höfum afneitað hugrænum ferlum. Og það getum við illa hugsað okkur.²⁰

Í þessari ritgerð hafa rök verið færð fyrir því að hugræn hugtök séu *ekki* tilraun til að miða út innri fyrirbæri, að þau séu *ekki* nöfn á huldum ferlum, þ.e. að þau séu *ekki* til þess að lýsa tilteknum veruleika. Með slíkum hugsunarhætti gera menn ráð fyrir því að orð séu spegilmyndir. Að lokum þurfa þeir að gefa sér „ofurspegilmyndir“, þ.e. hugrænar tákngervingar, til að skýra mátt orða en slík skýring stenst ekki þegar betur er að gáð. Tölvukenningar byggjast aftur á móti á því að til sé hulinn veruleiki með torskiljanlegum ferlum sem þarf að lýsa. Kenning Reizenzeins fellur um sjálfa sig ef gagnrýni Wittgensteins er rétt.

Áður en hægt verður að fjalla um eðli tilfinninga er nauðsynlegt að gera betri grein fyrir þeim hugsunarhætti sem ýjað hefur verið að, þeim sem Wittgenstein stendur fyrir og sem völ er á þegar veikleikar hins hugsunarhátтарins koma í ljós. Þá verður loks hægt að sjá hvernig kenningasmíðar á borð við tölvukenningar missa marks. Í skilningi Wittgensteins eru hugræn hugtök umfram allt tjáning og hluti af margbrotinni mannlegri hegðun. Þau verða, eins og öll hegðun, merkingarbær í ákveðnu samhengi og tengjast því notkun og athöfnum.

²⁰ How does the philosophical problem about mental processes and states and about behaviourism arise? - The first step is the one that altogether escapes notice. We talk of processes and states and leave their nature undecided. Sometime perhaps we shall know more about them - we think. But that is just what commits us to a particular way of looking at the matter. For we have a definite concept of what it means to learn to know a process better. (The decisive movement in the conjuring trick has been made, and it was the very one that we thought quite innocent.) – And now the analogy which was to make us understand our thoughts falls to pieces. So we have to deny the yet uncomprehended process in the yet unexplored medium. And now it looks as if we had denied mental processes. And naturally we don't want to deny them.

Hugur í tjáningu

Fyrstu hugrænu hugtökin sem börn læra eru greipt í eðlilega tjáningu þeirra en þessi tjáning er sameiginleg fyrir mannkynið. Væri hún ekki sameiginleg gæti tungumál, eins og það þekkist, ekki myndast (Wittgenstein, 1958, bls. 266). Í líkamlegri tjáningu eru þau kennimörk að finna sem geta skorið úr um rétta eða ranga notkun orða.

Þegar börn meiða sig gráta þau. Smám saman læra þau að segja „Mér er illt” eða „Mig verkjar” í slíkum aðstæðum. Við sumar kringumstæður getur þessi flóknari tjáning síðan komið í staðinn fyrir hina upprunalegu tjáningu. Börn læra því ekki orð með því að líta inn á við og „festa” innri fyrirbæri við orð hins opinbera tungumáls heldur læra þau nýja hegðun (Wittgenstein, sama rit, §244). Hvorki þegar börn gráta af sársauka né þegar þau segja „Mér er illt” eru þau spurð hvort þau hafi borið kennsl á rétt fyrirbæri innra með sér. Þau eru hugguð. Þegar barn vill leikfang teygir það sig í átt að því og þegar það er hrætt grætur það og hleypur til foreldra sinna. Enginn veltir því fyrir sér hvort barn sem teygir sig eftir leikfangi hafi gert sér grein fyrir löngun sinni eða hvort óttaslegið barn, sem lært hefur hugtakið „hræðsla”, sé í nægilega góðum tengslum við tilfinningalíf sitt til að fara með þetta hugtak. Jafn eðlilega og brugðist er við hegðun þeirra er brugðist við orðum þeirra (Hacker, 1993, bls. 192).

Á þessum grunni er síðan byggt þegar börn læra flóknari hugtök. Flóknari hugtök eru mörg hver ekki greipt í eðlilega tjáningu heldur tengd við þau hugtök sem voru greipt í tjáningu. „Ég vil boltann” verður eftir því sem börn tileinka sér tíðir sagna „Ég vildi boltann en Jói tók hann” og „Ég ætla að taka boltann áður en Jói tekur hann”. Þannig ná þau til dæmis smám saman tókum á hugtakinu „tími“. Með hverju hugtaki sem börn tileinka sér verður hegðun þeirra margbrotnari og samfara henni verður sálarlíf þeirra einnig margslungnara. Þetta þýðir ekki að börn læri að útskýra mannlega hegðun með því að vísa til huldra fyrirbæra. Setningin „Jói reyndi að vera á undan mér á fótboltavöllinn af því að hann hélt að boltinn væri þar” tilheyrir ekki kenningu um „hugarstarfsemi” Jóa og samband hennar við hegðun heldur er hún frásögn af því sem Jói var að gera. Slík setning er ekki ályktun um hugsanleg hugræn ferli. Hún lætur í ljós og gerir skiljanlegt það sem gerðist í tilteknu samhengi (Tanney, 2009). Börn eru ekki að taka fyrstu skrefin inn í hið vísindalega samfélag með því að læra hugræn hugtök heldur eru þau að læra að tjá sig með margvíslegri hætti.

Hið innra tengist því hinu ytra röklega. Það hefur einungis merkingu ef tjáning þess hefur merkingu og tjáning er einungis merkingarbær í því samhengi sem hún hefur öðlast merkingu (sjá „Merking sem notkun”). Hugræn fyrirbæri eru því að mörgu leyti háð notkun hugrænna hugtaka. Þau verða til ásamt þeim og þar sem ekki er hægt að aðskilja notkun

hugtaka frá lífi manna eru hugræn fyrirbæri að finna í því sem menn segja og gera, ekki innra með þeim. Sú tilraun að líkamna hugræn fyrirbæri stafar af misskilningi á eðli þeirra. Það er ekki hægt að tala um „gerð” eða „skipulagningu” hins innra því engir efnislegir (eða óefnislegir) hlutir svara til þess. Hugur birtist í skynsamlegri hegðun við margvislegar kringumstæður, þ.e. í hinum margþætta vef mannlegs lífs.

Merking sem notkun

Umfjöllun Wittgensteins um merkingu er ekki einangruð umræða sem taka má úr og skoða út af fyrir sig. Í öllum ritum hans er hún samofin hverju einasta atriði með einum eða öðrum hætti. Þetta kemur ekki á óvart þar sem spurningin um merkingu tengist öllum hliðum mannlegs lífs. Það er þó hægt að draga upp mynd af eðli hennar með því að styðjast við þá skáklíkingu sem Wittgenstein notaði sjálfur til að bregða ljósi á sameiginleg einkenni leikja og tungumáls (sjá Baker og Hacker, 1980, bls. 89-98).

Orðum má líkja við taflmenn því þau hafa mismunandi merkingu eins og taflmenn og þau má tengja á ólíka vegu í *ákveðnum tilgangi* eins og taflmenn. Notkun orðs í setningu er eins og leikur í skák. Rétt notkun orða ákvarðast af reglum alveg eins og löglegur leikur í skák ákvarðast af reglum. Á sama hátt og taflmenn hafa einungis gildi þegar þeim er leikið, og sá leikur er einungis gildur leikur í skák, hafa orð einungis merkingu í tengslum við setningu, og sú setning er einungis setning í tungumáli. Að skilja orð er ekki hugrænt ferli eða hugrænt ástand heldur hæfni til að nota það með tilteknum hætti í ákveðnum tilgangi, eins og það að kunna að tefla er að vita hvernig á að leika taflmönnum í samræmi við reglur í því skyni að sigra. Í báðum tilvikum hafa menn náð tiltekinni leikni. Líkt og skák verður tungumál ekki merkingarbært með því að spegla veruleikann. Það verður merkingarbært af því að það er notað á tiltekinn hátt (sjá Baker og Hacker, sama rit, bls. 90-91).

Þetta leysir þann vanda sem fjallað var um að ofan („Er merking ákvarðanleg?”) því spurningunni um hvað er átt við með hinu eða þessu orði verður svarað með því að vísa til þess hvernig það er notað í ákveðnu samhengi, *ekki* með því að velta fyrir sér hvernig hugrænar tákngervingar geta falið í sér merkingu.

Við viljum að óskinn um að hr. Smith komi inn í þetta herbergi óski þess að einmitt *hr. Smith*, og enginn staðgengill, verði til þess að koma, og ekkert í staðinn fyrir það, *inn í herbergið mitt*, og ekkert í staðinn fyrir það. En þetta er nákvæmlega það sem við sögðum. (Wittgenstein, 1958/1998, bls. 143)

Menn gætu haldið að þessi fábrotna athugasemd hefði ekkert eftirtektarvert að geyma, en þá gera þeir sér ekki fyllilega grein fyrir því hvað það þýðir að merking sé fólgin í notkun orða. Átti menn sig á því geta þeir séð að hún bregður ljósi á mjög mikilvægt atriði: Hugræn fyrirbæri eru um það sem tjáning þeirra er um og þessi tjáning hefur merkingu í krafti þess hlutverks sem hún gegnir í ákveðnu samhengi.

Orð verða merkingarbær þegar menn nota þau á tiltekinn hátt í ákveðnum tilgangi með svipuðum hætti og þeir nota verkfæri. Ef spurt væri um merkingu hamars væri einungis hægt að svara því með því að sýna hvernig honum er beitt. Það sama á við um orð. Þegar manni er kennt hvernig hann á að segja eitthvað er honum kennt hvernig hann á að gera eitthvað.

Tilfinningalíf

Hið innra er einungis til og hefur eingöngu merkingu í vef lífsins og því öðlast menn ekki þekkingu um eðli þess með því að líta inn á við heldur með því að líta í kringum sig (Hacker, 1993, bls. 198).

Við spyrjum „Hvað merkir ‚Ég er hræddur‘ eiginlega, til hvers vísa ég þegar ég segi það?” Og að sjálfsögðu finnum við ekkert svar, eða þá ófullnægjandi svar. Spurningin er: „Í hvaða samhengi á þessi orðanotkun sér stað?” Ég er engu nær ef ég reyni að svara spurningunni „Til hvers vísa ég?”, „Um hvað er ég að hugsa þegar ég segi það?” með því að endurtaka hræðslusvipinn á sama tíma og ég gef sjálfum mér gaum. Eins og ég væri að gjóta augunum til sálar minnar, ef svo má segja (Wittgenstein, 1958, bls. 188).²¹


Hacker (2004) hefur gert grein fyrir öllum gerðum tilfinninga með því að skoða vandlega hvernig þær tengjast innbyrðis, öðrum hugrænum fyrirbærum sem og athöfnum og líkamlegri tjáningu. Útlistun Hackers er ekki kenning um tilfinningar heldur lýsing á notkun orða, þ.e. merkingu þeirra. Henni er ætlað að veita yfirsýn yfir hlutverk þeirra hugtaka sem falla undir tilfinningar og er því leið til að leysa úr þeim fræðilegu málleysum og tálmyndum sem hafa sprottið upp í sálfræðilegum rannsóknum og kenningasmíðum (sjá Bennett og Hacker, 2005). Skýrt verður frá útlistun hans af því að hún bregður ljósi á *eðli* tilfinninga. Taugavísindi geta brugðið ljósi á *undirstöður* mannlegs tilfinningalífs en það er önnur saga. „Kenning” Reizenzeins bregður aftur á móti ekki ljósi á neitt (sjá „Misskilningur Reizenzeins”).

²¹ We ask “What does ‘I am frightened’ really mean, what am I referring to when I say it?” And of course we find no answer, or one that is inadequate. The question is: “In what sort of context does it occur?” I can find no answer if I try to settle the question “What am I referring to?”, “What am I thinking when I say it?” by repeating the expression of fear and at the same time attending to myself, as it were observing my soul through the corner of my eye.

Tilfinningar

Orðið „tilfinning“ er margslungið og því er nauðsynlegt að gera skýran greinarmun á mismunandi merkingu þess. Tilfinningum þarf að skipta niður í snertiskynjanir (*e. tactile perceptions*), kenndir (*e. sensations*), hvatir (*e. appetites*) og geðbrigði (*e. affections*). Að finna til hita, þéttleika, teygjanleika eða vætu hlutar með hendinni, kinninni eða öðrum líkamshluta eru dæmi um snertiskynjanir. Þegar maður gerir það beitir hann hugrænum hæfileika sem gerir honum kleift að afla upplýsinga um umheiminn. Eins og allar skynjanir geta snertiskynjanir verið réttar eða rangar. Sársauki, kláði, þróttleysi og þreyta eru aftur á móti dæmi um kenndir. Kenndir geta verið staðbundnar eins og sársauki og kláði eða altækar eins og þróttleysi og þreyta. Hinar síðarnefndu gefa til kynna almennt líkamlegt ástand. Ólíkt skynjunum geta kenndir ekki verið réttar eða rangar. Ekki er unnt að telja sig verkja í annan fótinn en skjátlást svo. Að hafa kenndir er heldur ekki að *beita* einhverjum hugrænum hæfileika. Þær henda mann á annan hátt en snertiskynjanir. Kenndir eru staðsettar í líkamanum, þ.e. það er vit í því að spyrja hvar fundið er til þeirra. Ekki er fundið til þeirra með einhverjum tilteknum líkamshluta.²²

Hvatir eru tilfinningar á borð við þorsta, hungur og losta en þær eru að finna hjá flestum dýrum. Einnig eru til áskapaðar hvatir sem dags daglega eru nefndar fíknir. Hvatir eru blanda löngunar og kenndar. Kenndir sem einkenna hvatir eru staðbundnar. Þær eru eins konar óþægindi sem orka á viðkomandi á þann hátt að hann hneigist til að svala lönguninni. Sem dæmi má taka þann sem reynir að seðja hungur sitt þegar hann finnur til þess í kviðinum. Langanir sem tengjast hvötum eiga það allar sameiginlegt að hafa almennt viðfang. Hungur er löngun í mat almennt. Löngun í eftirréttt frekar en aðalréttt skýrist ekki af svengd. Styrkur löngunarinnar er yfirleitt í beinu hlutfalli við styrk kenndarinnar og það að fullnægja hvöt hefur yfirleitt í för með sér það að kenndin hverfur. Hvatir eru ekki stöðugar heldur koma þær og fara eftir líkamlegum þörfum.



²² Hacker, 2004, bls. 199-200.

Tilfinningar sem flokkast undir geðbrigði má skipta í hugarrót (*e. agitations*), gála (*e. moods*) og geðhrif (*e. emotions*). Öfugt við kenndir eru geðbrigði hvergi í líkamanum. Þau upplýsa heldur ekki manninn um líkamlegt ástand hans en tengjast þó stundum kenndum. Von getur verið það sterk að hún brennur í brjósti manns en hún er ekki í brjóstinu. Hann getur verið með kökk í hálsi og munnþurrk sökum ótta en hann finnur óttann hvorki í vélinda né munni. Hann finnur mögulega til kinnroða þegar hann skammast sín en skömmin er ekki í andlitinu. Kinnroðinn segir honum heldur ekkert um æðarnar í kinnunum þótt hann gefi hugsanlega til kynna að skömmin sé meiri en hann gerði ráð fyrir. Að sama skapi segja sorgartárin honum ekkert um tákirtla hans en hugsanlega segja þau honum að söknuðurinn sé meiri en hann hélt að hann yrði. Öfugt við snertiskynjanir veita geðbrigði engar upplýsingar um umheiminn.²³

Dæmigerð geðhrif eru ást, hatur, von, ótti, reiði, þakklæti, gremja, móðgun, öfund, afbrýðisemi, samúð og sorg. Að vera stoltur, skammast sín, iðrast og finna til sektar eru dæmi um sjálfsmiðuð geðhrif. Um geðhrif verður fjallað nánar að neðan.

Hugarrót er skammvinn tilfinningaleg truflun og orsakast yfirleitt (en ekki alltaf) af óvæntum atburðum. Að engjast yfir einhverju, vera æstur yfir einhverju, hissa á einhverju eða í losti vegna einhvers eru dæmi um hugarrót. Það eru einnig dæmi um hugarrót þegar eitthvað í umhverfinu vekur undrun, ánægju eða viðbjóð manns, eða þegar hann verður fyrir vonbrigðum. Hugarrót orsakast af því sem maður skynjar, lærir eða áttar sig á. Það er viðbragð og getur því ekki knúið mann til athafna,²⁴ eins og geðhrif geta, en tímabundið getur það hamlað athöfnum. Samúð getur knúið mann til að hjálpa manneskju í því skyni að bæta stöðu hennar *vegna þess* að hún þjáist en kali getur knúið hann til að hæðast að henni í því skyni að kvelja hana *vegna þess* að hún er talin ekki eiga betra skilið. Það að vera hissa á einhverju eða í losti vegna einhvers (en *vegna* gefur í þessu samhengi til kynna orsakasamband) tengist að vísu oft tiltekinni hegðun en það knýr mann ekki til neinna athafna.²⁵


Gálar vísa til þess í hvaða skapi maður er. Um gála er talað þegar sagt er um mann að hann sé glaður, hamingjusamur, ánægður, pirraður, tregafullur, þunglyndur og þar fram eftir götunum. Þeir geta verið skammvinnir, eins og það að vera þungur í skapi á gráum sunnudegi, og langvinnir, eins og það að þjást af þunglyndi mánuðum saman. Gálar eru síður bundnir

²³ Hacker, sama rit, bls. 200.

²⁴ Athöfn, verknaður eða gerð hefur ávallt tilgang en það má til dæmis tjá með orðasambandinu í *þeim tilgangi* eða í *því skyni*. Í sambandi við athöfn gefur forsetningin *vegna* til kynna ástæðu hennar.

²⁵ Hacker, sama rit, bls 201.

tilteknu viðfangi en það greinir þá frá geðhrifum. Hægt er að vera glaðvær án þess að geta sagt nákvæmlega af hverju en ekki er hægt að vera ástfanginn án þess að geta sagt *af* hverri eða hverjum. Líkt og hugarrót þá knýja gálar mann ekki til athafna en þeir ljá athöfnum, sem og hegðun almennt, ákveðinn blæ. Tilveran litast af þeim. Þeir gegnsýra hugleiðingar manns og eru því samtvinnaðir hátterni hans og raddblæ.²⁶



Mynd 3. Mismunandi geðbrigiði.

Ólíkt hvötum einkennast geðhrif²⁷ af því að beinast að *tilteknu viðfangi*. Enginn er hræddur án þess að vera hræddur *við* eitthvað tiltekið eða *að* eitthvað ákveðið muni gerast. Geðhrif eiga sér tvær birtingarmyndir. Mikilvægt er að gera greinarmun á geðshræringum (*e. emotional perturbations*) annars vegar og bakgrunnsgeðhrifum (*e. emotional attitudes*) hins vegar. Sumum geðshræringum, eins og reiði og hræðslu, svipar til hugarróts með þeim hætti að þær tengjast gjarnan kenndum og hlutlægum líkamlegum einkennum eins og mælanlegri lífeðlislegri virkni. Aðrar geðshræringar, eins og stolt, auðmýkt, samúð og þakklæti, gera það ekki. Þær birtast frekar í ýmissi tjáningu. Þær geta birst í ósjálfráðri líkamlegri tjáningu, eins og roða, svitamyndun og fölva. Þær geta birst í athöfnum, eins og að tjá ástúð sína, von eða stolt. Stundum birtast þær í hegðun sem að hluta til er viljastýrð, eins og það að hækka róminn í reiði, og stundum birtast þær í ósjálfráðri hegðun (óstöðvandi grátur við sorg). Þær geta einnig birst í hátterni, til dæmis í raddblæ og látbragði.

Geðhrif birtast einnig sem varanleg afstaða en þessa afstöðu má nefna bakgrunnsgeðhrif. Bakgrunnsgeðhrif eins og ást, hatur, stolt, skömm og iðrun geta varað í mörg ár. Maður getur elskað manneskju, iðju eða stað árum saman, iðrast þeirrar huglausu breytni sem einkenndi unglingsárin alla sína ævi og borið virðingu fyrir manneskju, öfundað hana eða haft andstyggð á henni í áraraðir. Geðhrif felast umfram allt í því hvernig viðfang þeirra skiptir mann máli og hvaða ástæður hann hefur fyrir því að telja það mikilvægt. Þau eru því einnig órjúfanlegur hluti þess sem knýr hann til athafna, því hann talar um manneskju *af*

²⁶ Hacker, sama rit, bls 201.

²⁷ Um geðhrif er fjallað á bls. 202-205 (Hacker, sama rit).

ást, níðst á henni *af* hatri eða svívirðir hana *af* öfund. Það er afar brýnt að átta sig á því að geðhrif geta verið samofin löngunum manns, hugsunum, draumórum sem og viðhorfum yfir langan tíma en ekki einungis þegar geðshræringar eru áberandi. Með því að einblína á hinar síðarnefndu í taugafræðilegum rannsóknum hafa fræðimenn lokað fyrir heildstæða sýn á þessa hlið sálarlífsins.

Geðhrif hafa ekki einungis viðföng heldur einnig orsakir. Oftar en ekki er mikilvægt að gera greinarmun á þeim. Maður getur skammast sín af því að hlusta á skammarræðu en það sem hann skammast sín yfir er misgjörðin sem hann framdi. Þrusk getur hrætt hann þegar hann gengur í skuggalegu húsasundi um miðja nótt en það sem hann er hræddur við er hugsanlegt illmenni, ekki þruskið. Stundum er manni ókunnugt um orsök tiltekinna geðhrifa en við venjulegar kringumstæður getur enginn verið óvitandi um viðfang þeirra.

Styrkur geðhrifa er augljóslega ekki í beinu hlutfalli við þær kenndir sem hugsanlega fylgja þeim. Stolt manns yfir börnum sínum getur ekki mælst út frá lífeðlislegri virkni heldur birtist það í því hvernig hann hrósar þeim og hvernig hann talar um þau, þ.e. það birtist í hegðun hans. Lofthræðsla hans þarf ekki að birtast í neinni geðshræringu heldur getur hún umfram allt birst í þeim ráðstöfunum sem hann gerir til að forðast háar hæðir. Ólíkt hvötum einkennast geðhrif af ákveðnum stöðugleika, þ.e. þau koma ekki og fara eftir líkamlegum þörfum. Þau hafa ávallt vitsmunalega hlið sem ekki er að finna hjá hinum fyrrnefndu. Maður verður gramur og reiður út af einhverju sem hann *telur* vera rangt og hann iðrast gjörða sinna af því að hann *veit* að hann hefur brotið af sér og *langar* að bæta það upp. Einkenni ólíkra geðhrifa litast að öllu leyti af skoðunum hans og löngunum. Hann getur því haft *ástæður* fyrir geðhrifum sínum og þess vegna er talið að hann ætti að bera ábyrgð á þessum tilfinningum.

Mörkin á milli ýmissa geðbrigða eru ekki skýr. Geðshræringar og hugarrót tengjast stundum nánnum böndum eins og búið er að nefna. Geðhrif geta dofnað og orðið að gálum, eins og þegar hræðsla verður að almennum kvíða, og gálar geta stigmagnast og orðið að geðhrifum, eins og þegar þunglyndi verður að sjálfshatri. Maður sem verður fyrir vonbrigðum (hugarrót) verður vonsvikinn (geðhrif) en sú tilfinning gæti þróast út í vonleysi (gáll). Því er oftast nauðsynlegt að draga úr alhæfingum um geðbrigði með orðalagi eins og „yfirleitt” og „í flestum tilvikum”.

Misskilningur Reizenzeins

Með því að afhjúpa þann misskilning sem umlukti hugtökin *hugur* og *merking* var grundvöllur lagður fyrir aðra sýn á sálarlíf mannsins. Hún leiddi í ljós að hugræn fyrirbæri eru ekki torskiljanleg ferli í ókönnuðum miðli og mönnum hulin. Þau eru ávallt til staðar í því

sem menn segja og gera. Á þessum grundvelli var síðan hægt að fjalla um eðli tilfinninga með því að gera grein fyrir þeim tengingum sem hinar ólíku tilfinningar hafa við önnur hugræn fyrirbæri og athafnir. Þar með hafa vegvísar verið settir upp og unnt er að sjá nákvæmlega hvar Reizenzeins hefur farið villur vegar. Þær deilur sem greint var frá (sjá „Tölvukenning Rainers Reizenzeins”) hafa verið leystar með því að skoða hvernig víðeigandi hugtök eru notuð. Kenning Reizenzeins er einfaldlega ekki um neitt því þau hugtök sem hann fæst við vísa ekki til staðar sem hægt er lýsa með líkani. Hann gerir sér heldur ekki grein fyrir því að hinar svokölluðu „deilur“ eru tilkomnar vegna þess að menn skortir yfirsýn yfir notkun hugtaka. Hér að neðan verður sýnt með afdráttarlausum hætti í hverju misskilningur hans er fólgin.

Eðli geðhrifa og heilaferli

Reizenzeins telur að geðhrif *séu* þau merki sem samanburðarkerfi hins innra, þ.e. heilans, leiðir af sér (sjá „Efnisleg tvíhyggja”). Hann heldur því fram að þau séu þau fyrirbæri sem koma helst til greina sem „hin vísindalegu merkingarmið geðhrifa” (Reizenzeins, 2009b). Hann telur sig með öðrum orðum hafa skilgreint betur þau fyrirbæri sem hin grófgerða kenning um hið innra gefur aðeins í skyn.

Þetta er misskilningur. Hið innra er ekki það sama og heili og því eru geðhrif ekki staðsett í heilanum. Þau eru hvergi í líkamanum. Geðhrif eru ekki merki, ferli eða hlutir sem vísað er til með sérstökum hugtökum heldur fyrirbæri sem sýna sig með margvíslegum hætti við ólíkar kringumstæður í lífi manna sem lært hafa tungumál. Sumum tilfinningum fylgja hugsanlega tilekin heilaferli við sumar aðstæður en slík heilaferli *eru ekki* þær tilfinningar sem um er rætt. Þau eru heldur ekki *hugræn* ferli. Taugavísindi geta brugðið ljósi á virkni heilasvæða sem eru mannlegu tilfinningalífi nauðsynleg (sjá Bennett og Hacker, 2005) en þau geta ekki brugðið ljósi á *tilfinningar*.

Skoðun, löngun, mat og geðhrif

Reizenzeins kemst að þeirri niðurstöðu að skoðanir og langanir orsaki geðhrif því geðhrif spretta upp þegar samanburðarkerfið athugar samræmi eða misræmi hinna fyrrnefndu. Hann telur það aftur á móti rangt að gera greinarmun á mati og geðhrifum. Í kenningu hans leggur hið hugræna kerfi mat á nýja skoðun þegar hún er borin saman við gamlar skoðanir. Mat og geðhrif eru með öðrum orðum eitt og hið sama (sjá „Efnisleg tvíhyggja”).

Reizenzeins hefur á réttu að standa þegar hann segir að enginn munur sé á mati og geðhrifum. Hann hefur þó á röngu að standa þegar hann heldur því fram að hann hafi leyst

þessa „deilu” með kenningu sinni. Það er röklegt samband á milli mats og geðhrifa og því getur kenning hvorki staðfest né hrakið þetta samband. Það er fólgið í tungumálinu. Maður þarf ekki *fyrst* að telja stefnumót vera skemmtilegt til að geta *síðan* glaðst yfir því. Hann gleðst yfir því ef hann telur það skemmtilegt. Þessi tilgangslausa umræða byggist á misskilningi sem nefnist matskenning um geðhrif (*e. appraisal theory of emotions*) (sjá góða umfjöllun hjá McEachrane, 2009).

Þegar Reisenzein segir að skoðanir og langanir orsaki geðhrif gerir hann aftur á móti þá villu sem hann sneyddi hjá í sambandi við mat og geðhrif. Hann gerir sér grein fyrir því að þessi fyrirbæri séu samofin á meðvituðu stigi (sjá „Efnisleg tvíhyggja”) en hann telur þetta eingöngu vera á meðvituðu stigi. Þar sem hann telur viðeigandi hugtök vísa til eininga í heilanum aðgreinir hann þau þar. Þetta er rangt. Hvorki skoðanir, langanir né geðhrif eru í heilanum. Sú staðhæfing að ólík tauganet eru virkjuð í sambandi við hvert fyrirbæri getur verið sönn eða ósönn en það er ekki hægt að tala um geðhrif óháð skoðunum og löngunum. Skoðanir og langanir tengjast geðhrifum innbyrðis og því geta menn haft ástæður fyrir geðhrifum sínum. Það er því hægt að segja við mann að hann *ætti* að fyllast samúð þótt hann geri það ekki eða að hann *ætti* að vera stoltur þótt hann sé það ekki. Að sama skapi er því einnig hægt að segja við mann að hann *ætti ekki* að vera afbrýðisamur eða að hann *ætti ekki* að vera reiður því það þykir rangt að vera það *að ástæðulausu*. Ríkti orsakasamband á milli skoðana, langana og geðhrifa væri málleysa að segja við mann að hann *ætti ekki* að vera reiður. Það væri eins og að segja við mann sem hefur fengið höfuðhögg að hann *ætti ekki* að finna til eða að hann *ætti ekki* að vera ringlaður.

Geðhrif eru *gildisdómar* en sá eiginleiki gufar upp þegar Reisenzein reynir að líkamna þau. Þetta vandamál sprettur alltaf upp þegar gildisdómar og náttúruvísindi mætast og er sama vandamál og fjallað var um að ofan í sambandi við merkingu (sbr. „Einkamálsrökin“ og „Er merking ákvarðanleg?“). Það þarf að vera bil á milli merkingar og veruleika til þess að hægt sé að tala um merkingu. Slíkt bil þarf einnig að vera til staðar á milli gildisdóma og þess sem þeir eru dómar um.

Hlutverk geðhrifa og upplifun mannsins af þeim

Reisenzein telur geðhrif gegna því hlutverki að upplýsa manninn um mikilvægi skoðana hans og langana (sjá „Efnisleg tvíhyggja“). Hann segir þau vera sérstakt hugrænt ástand sem hefur líklegast þróast til þess að veita þessar upplýsingar. Að mati hans geta geðhrif verið ómeðvituð nái þau ekki ákveðnum þröskuldi. Maðurinn finnur því einungis til þeirra þegar skoðanir hans og langanir eru nægilega mikilvægar (Reisenzein, 2009a).

Þar sem skoðanir, langanir og geðhrif eru óaðskiljanleg er ekki hægt að aðgreina þau fyrst og spyrja síðan um hlutverk þeirra. Það eru rökleg tengsl á milli sterkra skoðana, sterkra langana og sterkra geðhrifa. Þau eru samtvinnuð og birtast í því hvernig viðföng þeirra skipta mann máli og hvaða ástæður hann hefur fyrir því að telja þau mikilvæg. Þó svo að spurningin sem slík sé góð og gild raunvís spurning byggist svar Reizenzeins við henni eingöngu á merkingartengslum hugtaka. Í hinum ímyndaða heimi sundrar hann fyrirbærum sem tengjast röklega til þess eins að setja þau saman í gervi kenningar.

Þó er það stundum svo að sterk tilfinningaleg viðbrögð koma mönnum á óvart og í slíkum tilvikum mætti segja að tilfinningin hafi gert þá meðvitaða um sjálfa sig. Til dæmis geta saknaðartár sagt manni að hann elskaði stúlkuna meira en hann hélt. Hér er þó frekar um að ræða skort á sjálfsþekkingu eða hitt, að stundum vita menn ekki hvað þeir áttu fyrir en misst hafa. Menn eru nefnilega ekki alltaf í góðum tengslum við sjálfa sig og stundum gleyma þeir því sem mestu máli skiptir. Það er þó ekki þetta sem Reizenzein hefur í huga þegar hann segir að geðhrif gegni því hlutverki að upplýsa um mikilvægi skoðana og langana.

Spurning Reizenzeins um tengsl geðhrifa við upplifun mannsins af þeim er við fyrstu sýn afar kynleg. Væri þá einnig hægt að spyrja hvernig rauður tengist upplifuninni af rauðleika? Spurninguna þarf þó að skoða í ljósi þess að hann telur viðeigandi hugtök vísa til hluta í heilanum. Á grundvelli þess virðist hann telja að viss geðhrif, þ.e. sum „merki“, séu ómeðvituð. Hann virðist halda að vísindin gætu leitt í ljós að til séu ómeðvituð geðhrif. Þetta er málleysa. Geðhrif geta verið ómeðvituð á þann hátt að menn gera sér ekki grein fyrir því sem þeim virkilega finnst, eins og greint var frá að ofan, en þau geta ekki verið ómeðvituð með því að vera ekki í eins konar undirvitund. Vísindamenn gætu ekki uppgötva ómeðvituð geðhrif frekar en að þeir gætu uppgötvað ómeðvitaða tannpínu. Orðalag eins og „ómeðvituð geðhrif“ í skilningi Reizenzeins eða „ómeðvituð tannpína“ væri nýr talsmáti, ekki uppgötvun (sjá Wittgenstein, 1958/1998, bls. 112-116).

Styrkur geðhrifa

Reizenzein svarar þessari spurningu með því að segja að merki samanburðarkerfisins gefi til kynna mismun á skoðunum og löngunum. Því meiri sem mismunurinn er því sterkari verða geðhrifin. Þannig yrði Mary til dæmis hissa á sigri Schreiber í kosningabaráttunni teldi hún það ekki líklegt að hann ynni en mjög hissa teldi hún líkurnar á sigri engar.

Í fyrsta lagi þarf að gera greinarmun á geðbrigðum. Það að vera hissa er hugarrót en ekki geðhrif (sjá „Tilfinningar“). Styrkur geðhrifa fer að vísu eftir sambandi skoðana og

langana en eingöngu í vissum tilvikum er styrkur þeirra mælanlegur út frá lífeðlislegri virkni. Öðru fremur þarf að skoða hegðunarmynstur manna við ólíkar aðstæður.

Í öðru lagi er um röklegt samband að ræða. Það er fólgið í tungumálinu að Mary yrði hissa á sigri Schreiber teldi hún það ekki líklegt að hann ynni en *mjög* hissa teldi hún líkurnar á sigri engar. Aðrir möguleikar eru útilokaðir og því er hvorki hægt að staðfesta né hrekja þennan sannleika með kenningasmíðum.

Íbyggni geðhrifa

Reisenzein telur geðhrif ekki vera íbyggðin í eðli sínu vegna þess að þau tilheyra ekki hinu meðfædda táknkerfi eins og skoðanir og langanir. Geðhrif virðast vera íbyggðin af því að maðurinn finnur til þeirra á sama tíma og hann er meðvitaður um skoðanir sínar og langanir. Íbyggni geðhrifa segir Reisenzein í reynd vera íbyggni skoðana og langana („Efnisleg tvíhyggja”).

Þetta er misskilningur því geðhrif eru samkvæmt skilgreiningu íbyggðin. Reisenzein telur sig geta fjallað um geðhrif í samhengi þar sem ekki er hægt að fjalla um þau og býr þannig til málleysu. Staðhæfing hans stafar af misskilningi á eðli merkingar. Íbyggni á ekki rætur sínar að rekja til meðfædds táknkerfis. Sú skýring stenst ekki (sjá „Þrjár spurningar um merkingu”). Hugræn fyrirbæri eru merkingarbær af því að tjáning þeirra gegnir hlutverki í lífi manna (sjá „Hugur og merking í vef lífsins”). Skoðanir, langanir, geðhrif og önnur hugræn fyrirbæri eiga sér því tilvist í lífi manna. Þau eiga sér ekki tilvist í heilum.²⁸

²⁸ Ég vil þakka Magnúsi Kristjánssyni fyrir góða leiðsögn við skrif þessarar ritgerðar. Einnig vil ég þakka Birni Gauta Björnssyni fyrir yfirllestur og góðar ábendingar hvað varðar málfar og Kristjáni Kristjánssyni fyrir íslensku hugtökin á nokkrum undirflokkum tilfinninga.

Heimildaskrá

- Baker, G. P. og Hacker, P. M. S. (1980). *Wittgenstein: Understanding and meaning*. Chicago: The University of Chicago Press.
- Bennett, M. R. og Hacker, P. M. S. (2005). Emotion and cortical-subcortical function: conceptual developments. *Progress in Neurobiology*, 75, 29-52.
- Block, N. (1978). Troubles with functionalism. *Minnesota Studies in the Philosophy of Science*, 9, 261-325.
- Block, N. (1995). On a confusion about a function of consciousness. *Behavioral and Brain Sciences*, 18, 227-247.
- Churchland, P. M. (1981). Eliminative materialism and the propositional attitudes. *The Journal of Philosophy*, 78(2), 67-90.
- Dennett, D. C. (1987). *The intentional stance*. Cambridge, MA: The MIT Press.
- Dretske, F. (1988). *Explaining behavior: Reasons in a world of causes*. Cambridge, Mass: The MIT Press.
- Dretske, F. (1995). *Naturalizing the mind*. Cambridge, MA: The MIT Press.
- Fodor, J. (1975). *The language of thought*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Fodor, J. (1987). *Psychosemantics*. Cambridge, MA: The MIT Press.
- Hacker, P. M. S. (1993). *Wittgenstein: Meaning and mind. Vol. 3 of an analytic commentary on the Philosophical Investigations*. Oxford, UK: Blackwell.
- Hacker, P. M. S. (1996a). *Wittgenstein: Mind and will. Vol. 4 of an analytical commentary on the Philosophical Investigations*. Oxford, UK: Blackwell.
- Hacker, P. M. S. (1996b). *Wittgenstein's place in twentieth century analytic philosophy*. Oxford, UK: Blackwell.
- Hacker, P. M. S. (2004). The conceptual framework for the investigation of emotions. *International Review of Psychiatry*, 16(3), 199-208.
- Hutto, D. D. (2007). Getting clear about perspicuous representations: Wittgenstein, Baker, & Fodor. Í D. Moyal-Sharrock (ritstjóri), *Perspicuous Presentations: Essays on Wittgenstein's Philosophy of Psychology* (bls. 299-322). Basingstoke: Palgrave MacMillian.
- Leahey, T. H. (2004). *A history of psychology: Main currents in psychological thought*. (6. útg.). New Jersey: Prentice Hall.
- McEachrane, M. (2009). Emotion, meaning, and appraisal theory. *Theory & Psychology*, 19, 33-53.

- Pitt, D. (2008). Mental representation. Í E. N. Zalta (ritstjóri), *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*. Sótt 27. Febrúar 2011 af <http://plato.stanford.edu/entries/mental-representation/>.
- Proudford, D. (2009). Meaning and mind: Wittgenstein's relevance for the "Does Language Shape Thought?" debate. *New Ideas in Psychology*, 27, 163-183.
- Reisenzein, R. (2007). What is a definition of emotion? And are emotions mental-behavioral processes? *Social Science Information*, 46, 424-428.
- Reisenzein, R. (2009a). Emotions as metarepresentational states of mind: Naturalizing the belief-desire theory of emotion. *Cognitive Systems Research*, 10(1), 6-20.
- Reisenzein, R. (2009b). Emotional experience in the computational belief-desire theory of emotion. *Emotional Review*, 1(3), 214-222.
- Ryle, G. (1963). *The concept of mind* (Frumútgáfa 1949). London: Hutchinson & Co. Stich, S. (1983). *From folk psychology to cognitive science*. Cambridge, MA: The MIT Press.
- Tanney, J. (1998). How to resist mental representations. *International Journal of Philosophical Studies*, 6, 264-278.
- Tanney, J. (1999). Normativity and judgement. *Proceedings of the Aristotelian Society*, 73, 44-61.
- Tanney, J. (2009). Reasons as non-causal, context-placing explanations. Í C. Sandis (ritstjóri), *New essays on the explanation of action* (bls. 94-111. Hampshire: Palgrave MacMillian.
- Trigg, J. og Kalish, M. (í prentun, a). Explaining how the mind works: on the relation between cognitive science and philosophy. Sótt 14. maí 2010 af <http://www.ucla.edu/~jxt8806/TriggKalish2009.pdf>.
- Trigg, J og Kalish, M. (í prentun, b). Thought, language and mental representation. Sótt 29. nóvember 2010 af <http://palm.mindmodeling.org/cogsci2010/papers/0031/paper0031.pdf>.
- Wittgenstein, L. (1958). *Philosophical investigations* (2. útg.) (G. E. M. Anscombe þýddi úr þýsku). Oxford, UK: Blackwell.
- Wittgenstein, L. (1974). *Philosophical grammar* (A. J. P. Kenny þýddi úr þýsku). R. Rhees (ritstjóri). Oxford, UK: Blackwell.
- Wittgenstein, L. (1980a). *Remarks on the philosophy of psychology, Vol 1* (G. E. M. Anscombe þýddi úr þýsku). G. E. M. Anscombe og G. H. Von Wright (ritstjórar). Oxford, UK: Blackwell.
- Wittgenstein, L. (1980b). *Culture and value* (P. Winch þýddi úr þýsku). Chicago: The University of Chicago Press. (Upphaflega gefið út 1977).
- Wittgenstein, L. (1998). *Bláa bókin* (Þorberg Þórsson þýddi). Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi. (Upphaflega gefið út 1958)